

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1992

12. ágúst 1992

617

Nr. 297

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Sporðagrunni.

1. gr.

Frá og með 16. ágúst 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'N – 19°30'V
2. 66°40'N – 19°30'V
3. 66°36'N – 20°10'V
4. 66°43'N – 20°08'V
5. 66°50'N – 19°50'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

10. ágúst 1992

Nr. 298

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiarinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða þ.m.t. l. nr. 65/1992 um Hagræðingarsjóð.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 skal greiða fast gjald 11 900 kr.